



HRUNAMANNAHREPPUR

28. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILID 2018 – 2022 9. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. JÚLÍ 2020

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2020, þann 2. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir þrjú mál, fundargerðir ungmennaráðs frá 2. júní. og 30. júní s.l. og umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Suðurlandi vegna rekstrarleyfis fyrir Smiðjustíg 10. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Verkgreinastofur í Flúðaskóla: Valkostagreining.**

Á fundinn mætti Eyrún Margét Stefánsdóttir, arkitekt og kynnti þá vinnu og valmöguleika sem Marey arkitektar hafa lagt fram vegna mögulegs flutnings á sérgreinastofum Flúðaskóla úr íþróttahúsinu. Sveitarstjórn þakkar Eyrúnu fyrir yfirferðina og vísar málinu til umræðu í skólanefnd og lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.
- 2. Körfuknattleiksdeild UMFH: Styrkbeiðni.**

Á fundinn mætir Árni Þór Hilmarsson og fór yfir styrkbeiðni frá körfuboltadeild UMFH um stuðning við rekstur meistaraflokk karla en liðið keppir í 1. deild á næsta keppnistímabili. Sveitarstjórn þakkar Árna Þór fyrir yfirferðina og þakkar fyrir metnaðarfullt starf í körfuboltanum. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en telur heppilegra að stuðningur við starfið fari í gegnum samstarfssamning við UMFH. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við UMFH um endurskoðun samningsins, m.a. í þeim tilgangi að styðja betur við afreksstarfið. Sigurður víkur sæti við afgreiðslu málsins.
- 3. Covid-19: Staða, horfur og viðbrögð.**

Lagðar voru fram til kynningar tölur um atvinnuleysi í Hrunamannahreppi, minnisblað vegna fundar sveitarfélaganna í SASS, fundargerð bæjar- og sveitarstjóra með lögreglustjórum, yfirlit um ætlaðar skerðingar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og yfirlit um staðgreiðslu. Oddviti og sveitarstjóri fóru almennt yfir stöðuna en ljóst er að skerðing á tekjum úr Jöfnunarsjóði virðast talsverðar.
- 4. Lánasjóður sveitarfélaga: Lántaka.**

Oddviti kynnti lán sem er tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna fjárfestingar sveitarfélagsins á árinu. Hrunamannahreppur samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 60.000.000 til 14 ára, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála lánstilboðs sem liggur fyrir á fundinum og sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Hrunamannahreppur samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til greiðslu kostnaðar vegna fjárfestinga í gatnagerð, fráveitu og vatnsveitu sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita

og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

5. **Búðarárþakki: Frágangur.**

Oddviti kynnti bréf frá Kristjáni Mímissyni, fornleifafræðingi sem stóð að fornleifarannsóknnum á Búðarárþakka. Kristján býðst til að klára frágang verkefnis og koma upp minnismarki um bóndann Þorkel á Búðarárþakka og óskar eftir stuðningi sveitarfélagsins við verkefnið. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að ræða við Kristján um mögulega aðkomu sveitarfélagsins að verkefninu.

6. **Bandalag íslenskra skáta: Sumarstörf.**

Oddviti kynnti erindi frá BÍS um samstarf frá sveitarfélaginu um sumarstörf á Úlfjótuvatni til handa ungum skátum. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7. **Ísland ljóstengt: Samningar um styrki.**

Oddviti kynnti samninga um stuðning Fjarskiptasjóðs við lagningu ljósleiðara í Hrunamannahreppi en með þessum samningum er verið að klára styrkveitingarnar fyrir árin 2020 og 2021.

8. **Ásabyggð 12: Forkaupsréttur**

Oddviti kynnti beiðni frá fasteignasölnunni Garðatorgi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 12, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 12 í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4118 skv. samþykktum afsali um eignina.

9. **Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Umsagnarbeiðni vegna aðalskipulagsbreytingar vegna vindorkugarðs í Skáldabúðum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá UTU bs. vegna skipulags- og matslýsingu á aðalskipulagsbreytingu Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna vindorkugarðs í Skálabúðum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

10. **Flúðaorka ehf: Veðsetning samningsbundna réttinda.**

Oddviti kynnti beiðni frá Flúðaorku ehf þar sem þeir vilja veðsetja samningsbundin réttindi sín við Hrunamannahrepp og Hitaveitu Flúða vegna lántöku hjá Arionbanka. Réttindin varða vatnssölusamning dags. 15. janúar 2018 með viðauka dags. 24. júní 2020 og leigusamning um húsnæði o.fl. frá 30. ágúst 2019 Sveitarstjórn samþykkir að veðsetningu samningsbundinna réttinda til Arionbanka og felur sveitarstjóra og veitustjóra að undirrita nauðsynleg gögn í því sambandi.

11. **Ásastígur 7: Kauptilboð.**

Oddviti kynnti kauptilboð sem borist hefur í íbúðina að Ásastíg 7 á Flúðum að fjárhæð kr. 37,5 millj. Sveitarstjórn samþykkir tilboðið og felur sveitarstjóra eða oddvita að ganga frá nauðsynlegum skjölum vegna sölu eignarinnar.

12. **Félagsmiðstöðin Zero: Skýrsla fyrir starfsárið 2019/2020.**

Oddviti kynnti skýrslu félagsmiðstöðvarinnar Zero fyrir síðasta starfsár. Sveitarstjórn þakkar fyrir góða skýrslu og gott starf á árinu.

13. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Átak í fráveituframkvæmdum.**

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um stuðning ríkisins vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga. Átakið snýr bæði að tímabundnu átaki vegna áhrifa Covid-19 og síðan stuðningi ríkisins á árunum 2020-2030. Sveitarstjórn felur veitustjóra og sveitarstjóra að skila inn nauðsynlegum upplýsingum til Umhverfisstofnunar vegna fráveituframkvæmda sveitarfélagsins.

14. **Skipulagsstofnun: Breytingar á aðalskipulagi frístundasvæðis vegna Efra-Langholts.**

Oddviti kynnti erindi frá Skipulagsstofnun vegna breytingar á aðalskipulagi frístundasvæðis vegna Efra-Langholts. Sveitarstjórn felur oddvita og skipulagsfulltrúa að vinna áfram að málinu og frekari rökstuðningi vegna ákvörðunar sveitarstjórnar.

15. **Bergrisinn bs.: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 3. júní s.l. Verklagsreglur um stuðningsfjölskyldur og reglur um NPA**

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar stjórnar Bergrisans bs. en þar eru lagðar fram verklagsreglur um stuðningsfjölskyldur og reglur um NPA sem þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar verklagsreglur um stuðningsfjölskyldur og reglur um NPA.

16. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Umsagnarbeiðni um reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Samráðgátt.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikningagerð sveitarfélaga sem liggur frammi í samráðsgáttinni.

17. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 13. ágúst nk. kl. 15:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. Vinnuhópur um könnun á byggingu hjúkrunarheimilis: Fundargerð 4. fundar frá 28. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar vinnuhópsins frá 28. maí s.l. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra mætti á fundinn og skýrði út samskipti ríkis og sveitarfélaga í þessum málaflokki. Ræddir voru kostir og gallar uppbyggingar hjúkrunarheimilis og byggingu íbúða fyrir aldraða tengt því. Samþykkt að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra til að ræða málið áfram. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

19. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 12. fundar frá 27. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar landbúnaðarnefndar þar sem fjallað er um útboð á girðinum á Hrunamannafrétti, ráðningu á tófuskyttum, fjallskil og Grólindeyri um kortlagningu beitilanda innan Hrunamannahrepps. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

20. Veitustjórn: Fundargerð 19. fundar frá 26. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar veitustjórnar frá 26. júní s.l. Á fundinn mættu þeir Ásgeir Margeirsson og Þór Gíslason ráðgjafar veitustjórnar og fóru yfir nánari drög að verklýsingu, samningsskilmálum og verksamningi vegna borholu á Flúðum. Þá fóru þeir einnig yfir samburð á verðkönnun vegna borunar á 6 ½ tommu borholu á Flúðum. Meirihluti veitustjórnar samþykkti drög að verklýsingu, samningsskilmálum og verksamningi en D-listi sjálfstæðra og óháðra sat hjá við afgreiðslu málsins. Þá samþykkti meiri hluti veitustjórnar að fela þeim Ásgeiri og Þór að meta niðurstöðu verðkönnunar með tilliti til samþykktar verklýsingar, samningsskilmála og verksamning og skila í kjölfarið veitustjórn rökstuddu álitum um val á verktaka en D-listi sjálfstæðra og óháðra bókaði mótmæli vegna verklags við framkvæmd málsins.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

21. Veitustjórn: Fundargerð 20. fundar frá 1. júlí.

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar frá 1. júlí s.l. Lagt var fram minnisblað þeirra Ásgeirs Margeirssonar og Þórs Gíslasonar, ráðgafa um mat og val á verktaka við borun 6 ½ tommu borholu fyrir Hitaveitu Flúða á Flúðum. Niðurstaða þeirra var sú að mæla með að samið yrði við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða enda tilboð þeirra lægra og þeir uppfylli önnur skilyrði betur. Samþykkti meirihluti veitustjórnar að fela veitustjóra og sveitarstjóra að ganga til samninga við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða en fulltrúar D-lista sátu hjá.

Þá var lögð fram aðalfundargerð Flúðaorku ehf og ársreikningur fyrir árið 2019 og erindi frá Flúðaorku ehf um heimild til að veðsetja samningsbundin réttindi Flúðaorku við Hitaveitu Flúða og Hrunamannahrepps vegna lántöku við Arionbanka sem veitustjórn samþykkti.

Þá var lögð fram aðalfundargerð Hitaveitu Grafarhverfis og ársreikningur fyrir árið 2019 og erindi um stuðning ríkisins vegna fráveituf framkvæmda.

Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir að fela veitustjóra og sveitarstjóra að ganga til samninga við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um borun borholu fyrir Hitaveitu Flúða á Flúðum en fulltrúar D-lista sitja hjá við afgreiðslu málsins og telja að fundargerðina hefði eingöngu átt að leggja fram til kynningar. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

22. Fundargerð 197. fundar skipulagsnefndar frá 10. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 197. fundar skipulagsnefndar frá 10. júní og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní s.l.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 14. Hólakot. Breytt skráning, skipting og stofnun lóðar.

Lögð er fram umsókn Halldóru Ásmundsdóttur, dags. 20. maí 2020, um lóðastofnun ásamt staðfestingu á afmörkun þriggja lóða úr landi Hólakots L166762 í samræmi við meðfylgjandi lóðablað. Óskað er eftir að stofna 125.745 fm landeign sem fengi staðfangið Hólakot Eyrarland. Aðkoman að landinu er um núverandi aðkomuveg frá Skeiða- og Hrunamannavegi (30). Samhliða er óskað eftir staðfestingu á afmörkun 3ja þegar stofnaðra frístundalóða. Lóðirnar eru í dag skráðar 12.000 fm en ekki hefur legið fyrir nákvæm mæling áður. Um er að ræða Hólakot lóð C L166921 sem verður 12.040 fm, Hólakot lóð B sem verður 11.958 fm og Hólakot lóð L166923 sem verður 11.979 fm.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landsins skv. fyrirbyggjandi umsókn né landskipti skv. 13. jarðalaga. Einnig gerir nefndin ekki athugasemd við afmörkun og breytta skráningu þegar stofnaðra lóða. Nefndin mælist til þess að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið með fyrirvara um lagfærð gögn í samráði við skipulagsfulltrúa og að fyrir liggi samþykki lóðareigenda frístundalóðanna á afmörkun og breyttri skráningu. Nefndin mælist jafnframt til þess að staðföng frístundalóðanna verði uppfærð í samræmi við reglugerð um skráningu staðfanga nr. 577/2017 á þann hátt að þær fái staðföngin Hólakot A, B og C.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun landsins skv. fyrirbyggjandi umsókn um landskipti skv. 13. jarðalaga. Einnig gerir sveitarstjórn ekki athugasemd við afmörkun og breytta skráningu þegar stofnaðra lóða með fyrirvara um lagfærð gögn í samráði við skipulagsfulltrúa og að fyrir liggi samþykki lóðareigenda frístundalóðanna á afmörkun og breyttri skráningu. Sveitarstjórn mælist jafnframt til þess að staðföng frístundalóðanna verði uppfærð í samræmi við reglugerð um skráningu staðfanga nr. 577/2017 á þann hátt að þær fái staðföngin Hólakot A, B og C.

Mál nr. 18. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní s.l.

Lagðar eru fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3.júní s.l.

23. Fundargerð 198. fundar skipulagsnefndar frá 24. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 198. fundar skipulagsnefndar frá 24. júní og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 15. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní s.l.

Lagðar eru fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16.júní s.l.

24. UTU bs: Fundargerð 77. fundar stjórnar frá 24. júní .s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 77. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2019. Sveitarstjórn staðfestir ársreikninginn.

Önnur mál.

25. Fundargerð ungmennaráðs frá 2. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð ungmennaráðs frá 2. júní s.l. Þar var fjallað um fyrirhugaða heilsuviku og lagt til að hún verði haldin 17.-22. ágúst n.k. Þá var rætt um mögulegar hugmyndir að atriðum á heilsuvikunni. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

26. Fundargerð ungmennaráðs frá 30. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð ungmennaráðs frá 30. júní s.l. Þar var fjallað um tímasetningu heilsuviku og lagt til að halda hana dagana 17.-22. ágúst nk. Þá var farið yfir auglýsingar og hugmyndir um að skipta sveitarfélaginu í litaflokka. Þá var mögulegum viðburðum skipt á milli nefndarmeðlima og rætt um dagskrá laugardagsins 22. ágúst.

Sveitarstjórn samþykkir að haldin verði heilsuvika dagana 17.-22. ágúst n.k.

27. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi vegna Smiðjustígs 10.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi vegna veitingastaðar í flokki II vegna Smiðjustígs 10, Flúðum, fasteignanúmer 220-4225. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni og óskar eftir afriti leyfis við útgáfu þess.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Skólapjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíl: Fundargerð 41. fundar frá 2. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Skólapjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíl: Fundargerð 42. fundar frá 10. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 205. fundar stjórnar frá 3. júní s.l.**
- d. Héraðsnefnd Árneshvíl: Fundargerð vorfundar frá 12. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 293. fundar stjórnar frá 26. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 294. fundar stjórnar frá 23. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Almennavarnir Árneshvíl: Fundargerð fundar framkvæmdaráðs frá 23. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- h. UTU bs.: Lokaúttektarvottorð vegna Flathólts 2.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 885. fundar stjórnar frá 12. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Beiðni sveitarstjórnarráðherra vegna fasteignaskattsálagningar árið 2021.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Kerfisáætlun Landsnets.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Hitaveita Grafarhverfis ehf: Aðalfundargerð og ársreikningur 2019.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Flúðaorka ehf 2019: Aðalfundargerð og ársreikningur 2019.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Eignarhaldsfélags Suðurlands hf: Ársreikningur 2019.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- o. Kerlingarfjöll: Undirskrift friðlýsingar í ágúst.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30.